

AUGLÝSING

um breytingu deiliskipulags í Eyrarskógi í landi Eyrar, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 8. júlí 2014 breytingu deiliskipulags í Eyrarskógi í landi Eyrar.

Breytingin felur í sér að skipta lóð nr. 0 í fjóra hluta sem fá númerin 101,102, 103 og 104. Breytingin byggir á deiliskipulagstillögu Hrísabrekkna frá 1995. Skipulag Hrísabrekkna öðlaðist gildi, en ekki ofangreind breyting. Úthlutun lóðanna hefur átt sér stað og uppbygging er hafin á svæðinu þar sem talið var að tillaga breytingar frá 1995 væri í gildi.

Breyting deiliskipulagsins hefur hlotið meðferð sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 10. mars 2015,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2015